

57. sveitarstjórnarfundur 02.03 2010, Végarði kl. 13.30

Mætt voru Anna Jóna Árnarsdóttir, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Jóhann Fr. Þórhallsson, Þorvarður Ingimarsson og Jón Þór Þorvarðarson var mættur í stað Magnhildar Björnsdóttur sem boðaði forföll.

Dagskrá

1. Skýrsla oddvita
2. 3ja ára fjárhagsáætlun 2011-2013, fyrri umræða
3. Skráning fornleifa/tilboð Skriðuklaustursrannsókna
4. Samþykkt fyrir skólanefnd Hallormsstaðaskóla
5. Breyting á samþykktum Fljótsdalshrepps vegna skólanefndar Hallormsstaðaskóla/önnur umræða
6. Bréf
 - a) Ferðapjónusta-ráðgjöf , febrúar 2010
 - b) Samgöngu-og sveitarstjórnarráðuneytið dags. 08.02
7. Fjarbeiðnir
 - a) Nemendafélag ME
 - b) Helgi Hallgrímsson
 - c) Barri hf
 - d) Hestamannafélagið Freyfaxi
8. Umhverfisstyrkir
Þorsteinn Pétursson og Ingibjörg Hjaltadóttir
9. Fundargerðir
Skólanefnd Hallormsstaðaskóla 17.02
10. Önnur mál

1. Skýrsla oddvita.

Forstöðumaður Héraðsskjalasafnsins kom í Végarð 17. febrúar og grófskráði sveitarfélagsgögn í skjalageymslu. Verið er athuga hvort eldri gögn frá sveitarfélaginu kunni að leynast í geymslum fyrri oddvita og einnig fyrirhugað að frekari skráning fari fram á gögnum í skjalageymslu sveitarfélagsins í Végarði. En almennt taldi safnvörður að skil á gögnum frá Fljótsdalshreppi væru í þokkalegu lagi.

Elín Erlingsdóttir landfræðingur (Landnot ehf) kom til fundar við oddvita og þá sveitarstjórnarmenn sem gátu mætt mánudaginn 22. febrúar sl. Landnot hafa m.a unnið með sveitarfélögum á Suðurlandi að skráningu landamerki og er það verkefni nú langt komið. Farið var yfir hvaða gögn liggja fyrir um landamerki í Fljótsdalshreppi og hvað þurfi að gera til að ljúka vinnu sem hafin var við skráningu landamerkjanna. Semja þarf um afnot af loftmyndum og hugbúnaði og Landnot ætlar að gera tilboð að ljúka skráningu og gera landamerkjagögn aðgengileg í rafrænu formi.

Fljótsdalshreppur hefur fengið úthlutuðum styrk frá Ferðamálastofu fyrir árið 2010. Sótt var um styrk til að lagfæra stíg að Hengifossi. Úthlutaður styrkur er kr 250.000.

Oddviti sat fund 25. feb með forstöðumanni Gunnarsstofnunar, ábúendum á Skriðuklaustir og starfsamanni Vatnajökulspjóðgarðs. Rætt var um ferðamál og skipulag á Skriðuklaustursjörðinni með tilliti til aukins ferðamannastraums, sem vænta má við opnun gestastofu Vatnajökulspjóðgarðs.

Hlaðbær-Colas býður fram þjónustu sína við malbikun í sumar. Fyrirtækið verður með malbikunarstöð á Reyðarfirði í júní.

Hestamannafélagið Freyfaxi sendi mynd og þakkar stuðning við mótaröð.

SSA sendi upplýsingar um helstu niðurstöður af þjóðfundi á Egilsstöðum 30. jan.sl. Sérstaklega var unnið með sérstöðu og tækifæri til sóknar á Austurlandi.

Úlfar Trausti Þórðarson, byggingarfulltrúi Fljótsdalshrepps hefur hlotið formlegt samþykki Skipulagsstofnunar sem byggingarfulltrúi og verið skráður á lista yfir stofnunarinnar yfir byggingarfulltrúa.

Héraðsdómur Reykjavíkur staðfesti 12. febrúar niðurstöðu Óbyggðanefndar um að stærsti hluti jarðarinnar Valþjófsstaðar sé þjóðlenda. Er það með komin niðurstaða á héraðsdómsstigi í öllum þjóðlendumálum jarða í Fljótsdal, þ.e. þeim jörðum sem gerð var þjóðlendukrafa í.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að á heimasíðu stofnunarinnar www.skipulag.is hefur verið opnuð skipulagsvefsjá, sem er rafrænt gagnasafn skipulagsáætlana sem varðveitt er hjá stofnuninni.

Lýðheilsustofnun hefur gefið út kynningarbækling um verkefnið *Öruggt samfélag*.

2. **3ja ára fjárhagsáætlun 2011-2013**, fyrri umræða. Fjárhagsáætlun rædd og verður tekin til seinni umræðu á næsta reglulega fundi sveitarstjórnar.
3. **Skráning fornleifa/tilboð Skriðuklaustursrannsóknna**. Oddvita falið að ræða við Skriðuklaustursrannsóknir um skráningu á fornleifum í Urðarhrauni og við Laugarfell.
4. **Samþykkt fyrir skólanefnd Hallormsstaðaskóla**. Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti fyrirbyggjandi drög að samþykktum fyrir skólanefnd Hallormsstaðaskóla.
5. **Breyting á samþykktum Fljótsdalshrepps vegna skólanefndar Hallormsstaðaskóla** /önnur umræða.
Samþykkt er eftirfarandi breyting á 50. gr. samþykka sveitarfélagsins:
Skólanefnd grunnskóla: Tvo fulltrúa og tvo varafulltrúa í Skólanefnd Hallormsstaðaskóla skv. 13. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995 og samþykka þar að lútandi.
6. **Bréf**
 - a. Ferðaþjónusta-ráðgjöf, febrúar 2010. Fyrirtækið vill selja ráðgjöf. Kynnt.
 - b. Samgöngu-og sveitarstjórnarráðuneytið dags. 08.02. Varðar vanskil á 3ja ára áætlun. Kynnt.
7. **Fjárbeiðnir**
 - a. Nemendafélag ME. Samþykkt að styrkja félagið um kr. 50.000-

- b. Helgi Hallgrímsson. Samþykkt að kaupa tíu eintök til gjafa af bók um “íslenska sveppi og sveppafræði”. Höfundur er Helgi Hallgrímsson og útgefandi er Skrudda bókafélag.
- c. Barri hf.
Jóhann vîkur af fundi vegna setu sinnar í stjórn Barra hf.
Óskað er auknu hlutfé í félagið vegna fjárhagsendurskipulagningar. Sveitarstjórn samþykkti hlutfjárkaup að upphæð kr. 2.000.000- á síðasta ári en það fé hefur ekki verið kallað inn. Sveitarstjórn staðfestir fyrri ákvörðun og samþykkir kaup á nýju hlutfé að upphæð kr. 2.000.000- . Verður tekið af óráðstöfuðu eigin fé.
Jóhann kemur aftur til fundar.
- d. Hestamannafélagið Freyfaxi. Samþykkt að auka framlag til Freyfaxa til byggingar reiðahallar við Iðavelli um kr. 3.000.000-. Verður tekið af óráðstöfuðu eigin fé.

8. Umhverfisstyrkir.

- a. Samþykktar reglur um úthlutun umhverfisstyrkja fyrir árið 2010.
- b. Þorsteinn Pétursson og Ingibjörg Hjaltadóttir sækja um umhverfisstyrk. Styrkumsókn samþykkt.

9. Fundargerðir

Skólanefnd Hallormsstaðaskóla 17.02. Kynnt.

10. Önnur mál.

- a) Borist hafa drög að verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs. Lögð fram til kynningar. Verður til afgreiðslu á næsta fundi.
- b) Kynnt erindi sem barst í tölvupósti 2. mars frá verktaka sem áhuga hefur á að taka að sér byggingu Laugarfellsskála.

Þorvarður óskaði eftir að fá að víkja af fundi vegna fjölskyldutengsla við einn aðila sem verið væri að fjalla um . Samþykkt.

Sveitarstjórn samþykkir að leita tilboða hjá þeim 3 aðilum (hópum) sem þegar hafa lýst skriflegum áhuga sínum á byggja skálann. Meðal þeirra atriða sem litið verði til þegar verktaki verður valinn eru möguleikar heimamanna á vinnu við bygginguna.

Þorvarður kom aftur til fundar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.00

Þorvarður ritaði fundargerð

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Jón Þór Þorvarðarson (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Jóhann F. Þórhallsson (sign)

Þorvarður Ingimarsson (sign)